

## Spekingur vikunnar

1. Hvað heitir þú ? Elín Eyrún.

2. Hvað ertu gömul ? 6 ára.

3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni ?

Bróðir minn hann Jón Þór, og annar bróðir minn sem er tvítugur og heitir Halldór Ingi, mamma og pabbi,

Selma frænka mín, amma og afi, Axel frændi minn, Gummi frændi minn, Sígurbjörg frænka mín og Birgitta Lára systir mín, svo man ég ekki meir.

4. Hvað finnst þér gott að borða ? Baunasúpu og pasta. Það sem var í hádeginu áðan, fiskiréttur með gulri sósu og svo risaeðlubuff sem er grænmetisbuff.

5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera ? Fara út og leika með taxahjól.

6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera ? Hanga inni og vera eins og innipúki.

7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera ? Kanína og fiðrildi, því þau eru svo falleg dýr.

8. Hver er uppáhalds liturinn þinn ? Blár, bleikur og fjólublár.

9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna ? Mig og fjölskylduna mína, húsið okkar og bílinn okkar, og húsbílinn okkar. Við kláruðum Ísland á honum í sumar.

10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór ? Balldrottning.

a. Hvað gerir balldrottning? Hún kennir ballet og ræður yfir því.

11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag ? Á Dalvík og Akureyri. Á Dalvík því þar á ég 2 vinkonur og þar förum við í göngutúr með hundinn, og á Akureyri því þar eru svo margir hoppukastalar.

12. Af hverju er himininn blár ? Veit ekki. Þá, ég held að þegar Jesú var til þá var hann svartur, svo breyttist hann í bláan þegar Jesú dó. Á ég að segja þér! Pabbi hennar Þórdísar, hann Frikki, hann á sama afmælisdag og Jesú! Á jólunum!!

